

Umferðarþing 2004 – útdráttur úr rannsókn um áhrif löggæslu á umferðarhraða

Sumarið 2003 framkvæmdu höfundar rannsókn á því hvort unnt væri að mæla hvort nærvera lögreglu hefði áhrif á ökuhraða í almennri umferð. Notuð var sú aðferð að vera með lögregluökutæki í nágrenni við svo kallaða umferðargreina sem Vegagerðin hefur sett upp á mörgum stöðum á landinu. Þótt rannsóknin stæði aðeins yfir í fáeinar klukkustundir, var úrtakið stórt á fjölfarinni leið og því telja höfundar að rannsóknin gefi ágætar vísbendingar sem hægt væri að nýta til áframhaldandi greiningar á bestu aðferðum (best practice) við umferðareftirlit. Rannsóknin var unnin með styrk frá Rannum og í góðu samstarfi við Lögregluna í Reykjavík og Lögregluskólann.

Helstu niðurstöður sem kynntar eru í skýrslunni:

Kyrrstæð lögreglubifreið hafði marktæk áhrif á meðalhraða á Geithálsi þegar hún var staðsett á umferðargreininum og þegar hún var í um 500 metra fjarlægð frá umferðargreininum. Lögreglubifreið í 1000 metra fjarlægð virðist ekki hafa marktæk áhrif á meðalhraðann – þ.e. 1000 metrum eftir að ökumenn hafa ekið fram hjá lögreglubifreiðinni, hafa þeir aukið hraðann aftur. En þó lögreglubifreiðin slái ekki á meðalhraðann í 1000 metra fjarlægð, hefur hún samt áhrif á mesta hraðaksturinn.

Kyrrstætt lögreglubifhjóll lækkaði meðalhraða meira á Geithálsi, samanborið við lögreglubifreiðina. Lögreglubifhjólið hafði marktæk áhrif á meðalhraða, staðsett á umferðargreininum, í 500 metra fjarlægð frá umferðargreininum og í 1000 metra fjarlægð frá umferðargreininum. Athygli vekur að lögreglubifhjólið hefur marktæk áhrif á meðalhraða, staðsett í 1000 metra fjarlægð frá umferðargreininum á Geithálsi en lögreglubifreiðin gerir það ekki.

Kyrrstæð lögreglubifreið hafði marktæk áhrif á meðalhraða á umferðargreininum á Hellisheiði. Mest þegar bifreiðin var staðsett við umferðargreininn jafnframt í 500 metra fjarlægð og einnig í 1000 metra fjarlægð.

Í gögnunum eru greinileg merki um slönguakstur – á nokkur hundruð metrum fjara áhrif kyrrstæðrar lögreglubifreiðar og lögreglubifhjól út. Nauðsynlegt er að gera aðra rannsókn þar sem ökutæki lögreglu eru á ferð og bera niðurstöður saman við áhrif kyrrstæðra ökutækja lögreglu.

Gerð var mæling á umferðarhraða ökutækja á Geithálsi, sem höfðu farið framhjá lögreglubifreiðinni á Hellisheiði og kom ljós að munur á meðalhraða var ómarktækur. Að vísu spilar umferð um Þrengslaveg hér inn í en ökumenn sem komu þaðan urðu ekki varir við lögreglubifreiðina á Hellisheiði.

Skýrsluna er hægt að nálgast m.a. á vef Rannsóknarnefndar umferðarslysa (rmu.is) á slóðinni <http://www.rmu.is/ahrifumferdareftirlits.pdf>

Um höfunda rannsóknarinnar:

Ágúst Mogensen er afbrotafraeðingur og stundar doktorsnám í Loughborough University í Englandi. Hann er framkvæmdastjóri Rannsóknarnefndar umferðarslysa.

Eiríkur Hreinn Helgason er yfirlögregluþjónn í Lögregluskóla ríkisins og hefur um árabil séð um kennslu í umferðarfræði í Lögregluskólanum. Hann er einnig ráðgjafi Rannsóknarnefndar umferðarslysa.